

Vettvangur skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar



Georg Brynjarsson
Vefstjóri XDReykjanes.is

auk þess sem félag ungra sjálfstæðismanna hefur haldið úti öflugum vef í tvö ár.

Markmið vefsíðunnar verður að skapa miðju skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar flokksfélaga Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ

Þann 20. apríl opnar Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjanesbæ eigin vefsíðu. Markar þetta tímamót því aldrei áður hefur flokkurinn sett upp eigið vefsetur sem nær yfir alla starfsemi flokksins í bæjarfélaginu. Aðeins hafa verið settar upp vefsíður í kringum kosningar

og bæta gagnvirk samskipti flokksins við kjósendur. Á vefnum verða fáanlegar allar upplýsingar á einum stað um flokksstarfið og bæjarmálin. Þar verður einnig öflugt greinasafn með leitarmöguleikum og þannig gefst almenningi kostur á því að lesa greinar sjálfstæðismanna á einum stað.

Það er Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Reykjanesbæ sem stendur að vefnum. Öll starfandi félög innan flokksins í Reykjanesbæ eru því aðilar að síðunni. Sjálfstæðisfélag Keflavíkur, Sjálfstæðisfélagið Njarðvíkingur og Heimir, félag ungra sjálfstæðismanna hafa því öll fengið andlit á netinu.

Á vefsíðunni er lögð mikil áhersla á gagnkvæm samskipti flokksins við íbúa í Reykjanesbæ. Þar er hugmyndabanki, netföng allra bæjarfulltrúa flokksins ásamt leiðbeiningum og möguleikum fólks til að taka þátt í starfi flokksins.

Sameiginleg vefsíða okkar allra

Vefurinn, sem fengið hefur heitið XDReykjanes.is, er sameign allra sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ. Því eru ábendingar og hugmyndir um nýngar vel þegnar til okkar sem stöndum að vefnum. Vefurinn getur ekki orðið til fyrirmyndar nema við öll leggjumst á eitt við að tryggja breidd hans og notagildi.

Netvæðing Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ er að hefjast. Munum að heimsækja XDReykjanes.is daglega og tryggja þannig góða nýtingu þessa sameiginlega miðils okkar.

Georg Brynjarsson
Vefstjóri XDReykjanes.is



FRÉTTABRÉF SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í REYKJANESBÆ

1. tbl. 1. árg

www.xdreykjanes.is

apríl 2005

Sumargleði Sjálfstæðisflokksins á Ránni síðasta vetrardag!

Þér er boðið á Sumargleði Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ næstkomandi miðvikudag, 20. apríl, frá 19:00 til 22:00 á veitingahúsinu Ránni



Markmið gleðinnar er að sjálfstæðismenn hittist og stilli saman strengi sína og mun veitingahúsið Ránni bjóða til kvöldverðar

Boðið verður uppá léttu og skemmtilega dagskrá

Geir H. Haarde varaformaður Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherra mun opna formlega nýja og glæsilega vefsíðu Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ

XDReykjanes.is

Við efnum loforðin



Árni Sigfússon,
Oddviti sjálfstæðismanna

Ágæti stuðningsmaður,

Fyrir síðustu bæjarstjórnar-kosningar hér í Reykjanesbæ lögðum við sjálfstæðismenn fram ítarlega stefnuskrá í öllum málaflokkum. Stefnan hafði verið mótuð á opnum fundum sem við buðum til og í kjölfar hennar var hún lögð fram sem loforð

til Reyknesinga um efndir ef við fengjum stuðning til. Með eftirminnilegum hætti fengum við mjög ótvírætt umboð íbúa til að framkvæma stefnuna.

Árangur á mörgum sviðum

Við höfum lagt áherslu á að standa við loforð okkar, byggja upp öflugan bæ í hvívetna. Umhverfisbæturarnar eru sýnilegastar. Þær eru mikilvægar fyrir ímynd bæjarins en ég tel árangur okkar enn markverðari á öðrum sviðum.

Menningarstarf blómstrar. Skólastarf einnig, allt frá leikskólum til íþróttakademíu. Framundan er vonduð uppbygging á aðstöðu í þágu eldri borgara. Eins og menn þekkja hefur íþrótt- og æskulýðsstarf skipað mikilvægan sess í starfi okkar.

Uppbygging Hafnargötunnar hefur tekist vel. Við nálgumst hratt markmið okkar að styrkja með því verslun í heimabyggð. Þekktar verslanakeðjur af höfuðborgarsvæðinu hafa sett upp aðstöðu við Hafnargötuna og fleiri eru að undirbúa slíkt.

Með því að skapa grunnaðstöðu undir lóðir í Helgúvík hefur svæðið fengið aukna athygli fjárfesta og nú eru þrjú stórvirkefni til

alvarlegrar skoðunar fjárfesta. Vonandi getur eitthvert þeirra að veruleika á næstu misserum.

Mikið framboð lóða

Ég hvet bæjarbúa til að skoða nýja hverfið í Innri-Njarðvík, Tjarnahverfi. Þar er verið að ganga frá gatnakerfi og þegar eru fyrstu húsin risin ásamt nýja grunnskólanum, Akurskóla. Þar verður byggð fyrir á 3. þúsund íbúa og allar lóðir löngu uppseldar. Um leið og þessi vinna hefur átt sér stað hlýtur stjórnsýsla bæjarins viðurkenningar fyrir góða starfshætti. Allt ofangreint er til að styrkja samfélag okkar og gera Reykjanesbæ að aðlaðandi búsetukosti.

Á þeim þremur árum sem liðin eru frá kosningum hefur því markvisst verið unnið að því að efna loforðin. Án öflugs stuðningsmannahóps, hefði þessi mikli árangur ekki orðið að veruleika. En vinnan og baráttan heldur áfram. Þótt flestir séu ánægðir með það sem þeir sjá skipa menn sér í sveitir eftir gömlum flokkslínunum og berjast fyrir völdum. Þá er neikvæð gagnrýni oft valin sem aðferð. Við þurfum að standa saman um þann árangur sem náðst hefur. Það er auðvelt að glutra honum niður í röngum höndum. Efndir loforða okkar eru mikilvægasti mælikvarði á hvort við hljótum meirihlutastuðning í næstu kosningum. Til þess þurfa bæjarbúar að vera upplýstir um starf okkar og vera áfram þátttakendur í mótun samfélags okkar. Þar eruð þið stuðningsmenn okkar í lykilhlutverki.

Heiti á stuðning þinn

Þess vegna er mikilvægt að við eflum undirbúning okkar fyrir næstu bæjarstjórnarkosningar. Ég er reiðubúinn að leiða áfram lista sjálfstæðismanna í bæjarstjórn og gegna starfi bæjarstjóra fyrir okkar ágæta samfélag, ef eftir því er sótt. En mér sýnist einsýnt að það gerist aðeins ef bæjarbúar veita Sjálfstæðisflokknum

meirihlutafylgi. Að því þurfum við að vinna og ég heiti á stuðning þinn.

Kosningabaráttan er hafin



Viktor B. Kjartansson
Formaður Fulltrúaráðs
Sjálfstæðisfélaganna í
Reykjanesbæ

Í maí á næsta ári verða sveitarstjórnar-kosningar og er í mörg horn að líta fyrir okkur sjálfstæðismenn fram að þeim tíma.

Skrifstofa

Nú er unnið að því að finna hentugt húsnæði fyrir kosningaskrifstofu flokksins þar sem flokksmenn geta komið saman og hafid undirbúning kosninganna og verið miðja kosningastarfsins.

Nefndarskipan

Nú er hafin vinna á vegum fulltrúaráðsins við að finna mannskap í þær nefndir sem starfa á vegum flokksins. Um er að ræða Skipulagsnefnd sem ber

ábyrgð á kosningastarfinu, Fjármálanefnd sem vinnur að fjáröflun fyrir kosningarnar og markaðsnefnd sem stýrir kynninga- og auglýsingastarfinu.

Leiðað að fólki til starfa

Ef þú hefur áhuga á því að taka þátt í kosningastarfinu hvet ég þig til að senda tölvupóst á xd@xdreykjanes.is eða vera í sambandi við undirritaðan þannig að hægt sé að vera í sambandi við þig og boða á fundi.

Sumargleði

Næstkmandi miðvikudag stendur Sjálfstæðisflokkurinn fyrir sumargleði á veitingahúsinu Ránni og má segja að með henni verði kosningastarfið formlega sett í gang. Hvet ég þig til að mæta og eiga góða kvöldstund með sjálfstæðismönnum.

XDReykjanes.is

Að lokum við ég minna á nýja vefsíðu okkar XDReykjanes.is sem ég tel vera frábærlega vel heppnað verkefni og vænlegt til árangurs.

Sjálfstæðisflokkurinn

Landsfundur í október

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins hefur ákveðið að 36. landsfundur Sjálfstæðisflokksins verði haldinn 13.–16. október 2005.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins er að jafnaði haldinn annað hvert ár en síðast var landsfundur haldinn 27.–30. mars 2003. Landsfundur markar stjórnmalastefnu flokksins til næstu ára en fyrir fundinn munu málefnanefndir flokksins, sem eru 26 talsins, leggja fram málefnaályktanir til umræðu og afgreiðslu. Á landsfundi fer einnig fram kjör formanns, varaformanns og miðstjórnar.

Félög flokksins um allt land kjósa fulltrúa til

setu á landsfundinum en seturétt á landsfundum Sjálfstæðisflokksins eiga yfir 1.000 manns.

Í aðdraganda landsfundar munu allar málefnanefndir flokksins starfa að stefnumótun og undirbúningi fyrir þau drög að ályktunum sem lögð verða fram á fundinum. Starf málefnanefndanna er öllum opið og verður það kynnt ítarlega á vettvangi flokksins á næstu vikum.

Þeir sem hafa áhuga og hafa tíma til að sitja landsfund fyrir hönd sjálfstæðisfélaganna í Reykjanesbæ eru vinsamlegast beðnir um að senda tölvupóst á netfangið xd@xdreykjanes.is með fyrirsögninni Landsfundur.